



Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Reykjavík, 10. september 2026

SFS26090010

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar um hvernig eigi að tryggja þjónustu við innleiðingu breytinga á stjórnskipulagi

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 31. ágúst 2026, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Samfylkingarinnar:

Mikill fjöldi faglegra leiðtoga og reynslumikils starfsfólks hverfur nú á braut vegna fjöldauppsagna í tengslum við skipulagsbreytingar á skóla- og frístundasviði og velferðarsviði. Ástæða er til að hafa áhyggjur af því að þjónusta verði lakari við börn og fjölskyldur þeirra næstu vikur og mánuði ekki síst þar sem eftir er að útfæra ýmsar aðgerðanna. Rannsóknir sýna að viðkvæmir hópar og jaðarsettir einstaklingar sækja síður þjónustu ef hún er ekki í nærumhverfi þeirra og er ástæða til að hafa sérstakar áhyggjur af börnum með annað móðurmál en íslensku og börnum með sérstakar stuðningsþarfir. Hvernig mun sviðið bregðast við þeirri stöðu þegar þjónustan færir frá miðstöðvunum sem staðsettar voru úti í borgarhlutunum?

Svar:

Skipulagsbreytingarnar fela ekki í sér að þjónustan við börn og fjölskyldur hverfi úr borgarhlutunum. Þjónustan verður áfram veitt þar sem börnin og fjölskyldurnar eru; í leikskólum, grunnskólum, frístundastarfi og eftir atvikum í nærumhverfi notenda. Breytingarnar snúa fyrst og fremst að skipulagi, stjórnun og ábyrgðarkeðju þjónustunnar en ekki að þeirri grundvallarhugmynd að þjónusta eigi að vera aðgengileg og nálægt íbúum.

Breytingar á skipulagi skapa áskoranir til skemmri tíma. Þess vegna er lögð sérstök áhersla á að tryggja samfellu og samræmingu í þjónustu með markvissri yfirfærslu verkefna, skýrri ábyrgð á öllum virkum málum og varðveislu lykilþekkingar innan borgarinnar.

Sérstaklega er horft til þjónustu við viðkvæma hópa, þar má nefna börn með sértækar stuðningsþarfir og fjölskyldur sem af ýmsum ástæðum eiga erfitt með að sækja þjónustu í fjarlægð frá heimili. Börnin eru eftir sem áður í leikskólum, grunnskólum, frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum og fá þar öfluga þjónustu fagfólks og annars starfsfólks á vettvangi. Allar starfseiningar hafa fengið upplýsingar um fyrirkomulag stjórnunar í miðstöðvum á yfirfærslutíma, sem er lengst fram til nk. áramóta og starfsfólk miðstöðva í beinni þjónustu við börn og ungmenni er eftir sem áður í starfi.

Í ljósi þess að innleiðingin er rétt hafin verður framvindan metin eftir því sem breytingunum vindur fram næstu vikur og mánuði. Við það mat verður meðal annars horft til gagns um aðgengi að og gæði þjónustu, sem og upplifunar íbúa og starfsfólks á



Reykjavík



innleiðingartímabilinu og í kjölfar þess. Komi í ljós að breytingarnar hafi ófyrirséð neikvæð áhrif á þjónustu eða aðgengi verður brugðist við á grundvelli þeirra niðurstaðna.

Leiðarljós breytinganna er að þjónustan eigi fyrst og fremst að þróast út frá þörfum íbúanna sjálfra og vera samræmd. Það verður áfram meginviðmið við framkvæmd og mat á þessum breytingum.

